

LANDSNET

Samandreginn
árshlutareikningur
1. janúar til 30. júní 2026

Landsnet hf.
Gylfaflöt 9
112 Reykjavík

Kt. 580804-2410

Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	5
Rekstrarreikningur	6
Yfirlit um aðra heildarafkomu	7
Efnahagsreikningur	8
Eiginfjáryfirlit	9
Sjóðstreymisyfirlit	10
Skýringar	11

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Hlutverk Landsnets hf. er að annast flutning raforku og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga nr. 65/2003.

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34.

Hagnaður af rekstri félagsins var á tímabilinu 20,1 milljónir USD í samanburði við 11,5 milljónir USD á fyrra árs tímabili. Eigið fé félagsins í lok tímabilsins nam 662,7 milljónum USD þar af hlutafé 45,5 milljónir USD.

Hlutafé í lok júní 2026 skiptist á tvo hluthafa, en þeir eru:

Eignarhlutur

Ríkissjóður Íslands.....	93,22%
Orkuveita Reykjavíkur	6,78%

Rekstur ársins og framtíðarhorfur

Hagnaður fyrstu 6 mánuði ársins nam 20,1 milljónum USD. Rekstur félagsins gengur vel og í takt við áætlanir. Hagnaður tímabilsins er hærri en var á sama tímabili síðasta árs og skýrist sú hækkun að mestu af kreditreikningum sem gefnir voru út í byrjun árs 2025 vegna endurgreiðslu á aflgjaldi vegna innmötunar raforku, sem nam um 22,4 milljónum USD að viðbættum vöxtum. Endurgreiðslan var gerð eftir dóm Hæstaréttar í máli nr. 2/2024, samninga við hlutaðeigandi aðila og samráð við Raforkueftirlitið.

Í október 2025 kom upp bilun í álveri Norðuráls á Grundartanga, sem olli því að álframleiðsla Norðuráls skertist um tvo þriðju. Áhrif bilunarinnar á Landsnet var óveruleg á árinu 2025 en óvissa var um áhrif hennar á rekstrarárið 2026 þar sem ekki lá fyrir hvenær verksmiðjan myndi aftur ná fullum afköstum. Í apríl hóf Norðurál uppkeyrslu kerja að nýju samkvæmt tímasetttri áætlun. Uppkeyrslan hefur gengið vel en vísað er til nánari umfjöllunar í skýringu nr 16.

Rekstur félagsins er stöðugur og byggir á vel skilgreindum forsendum sem settar eru fram í raforkulögum en þar er meðal annars skilgreindur útreikningur á heimiluðum tekjum sem eru settar fram í tekjumörkum. Á fyrri hluta árs 2026 voru í undirbúningi hjá Raforkueftirlitinu tvær stórar ákvarðanir sem tengjast tekjuheimildum og afkomu félagsins. Sérstök nefnd sérfræðinga átti að skila álitum varðandi endurskoðun á heimilaðri arðsemi Landsnets til næstu ára. Gert var ráð fyrir ákvörðun í byrjun maí en endanleg ákvörðun hefur enn ekki verið birt. Þá tilkynnti Raforkueftirlitið að sett yrði hagræðingarkrafa á sérleyfisfyrirtæki í flutningi og dreifingu raforku og átti sú ákvörðun á liggja fyrir í byrjun júlí 2026. Ákvörðun um hagræðingarkröfu hefur verið frestað eftir að Raforkueftirlitið lagði heildstætt mat á þá aðferðafræði og þau gögn sem greiningin byggist á og tekið afstöðu til þeirra athugasemda sem fram komu í umsögnum fyrirtækjanna. Eftirlitið boðar aukið samráð sérleyfisfyrirtækja varðandi þann samanburð og greiningu. Sú vinna fer af stað með haustinu en óljóst hvenær henni lýkur. Stöðugleiki hefur verið í rekstrarumhverfi sérleyfisfyrirtækja í orkugeiranum um nokkuð langan tíma. Þegar horft er til áskorana sem framundan eru í rekstri og framtíðaruppbyggingu flutningskerfisins eru skýrar reglur og fyrirsjáanleiki í regluverki mikilvægur grundvöllur ákvarðana. Þannig tryggjum við einnig gagnsæi og skýra sýn sem skilar hagkvæmni og skilvirkni í ákvörðunum varðandi kostnað til notenda.

Unnið hefur verið að stefnumótun Landsnets fyrir næstu ár þar sem lykiláherslur snúa að því að tengja orkuvinnslu og viðskiptavinum á skilvirkan hátt við flutningskerfið samhliða styrkingu grunnkerfisins. Áreiðanleiki og áfallapol raforkukerfisins spilar lykilhlutverk og leggur Landsnet því lykiláherslu á kerfisgreiningar og stafrænar lausnir. Áhersla er að virkja samstarf við hagaðila og raforkumarkað.

Á aðalfundi félagsins í mars 2026 var samþykkt ný arðgreiðslustefna fyrir Landsnet. Stefnan byggir á viðauka við almenna eigendastefnu fyrir félög í eigu ríkisins. Þar er kveðið á um viðmið um arðsemi, fjármagnsskipan og arðgreiðslur fyrirtækja í eigu ríkisins. Arðgreiðslustefnu Landsnets er að finna á vefsíðu félagsins.

Hlutverk Landsnets í rekstri og uppbyggingu mikilvægra orkuinnviða er vel skilgreint í lögum. Ljóst er að markmið um hagkvæmni og skilvirkni þurfa að liggja til grundvallar ákvörðunum um uppbyggingu um leið og markmiðum um öryggi og afhendingargetu kerfisins er mætt.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra, frh.:

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er árs hlutareikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og forstjóra að árs hlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins 30. júní 2026 og rekstrarafkomu þess og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2026.

Jafnframt er það álit okkar að árs hlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og forstjóri Landsnets hf. hafa í dag rætt árs hlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2026 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 20. ágúst 2026.

Stjórn félagsins:

Haraldur Flosi Tryggvason Klein

Kristján Arinbjarnar

Ruth Elfarsdóttir

Stefán Pétursson

Harpa Þuríður Böðvarsdóttir

Forstjóri:

Ragna Árnadóttir

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Landsneti hf.

Við höfum í umboði Ríkisendurskoðunar kannað meðfylgjandi árshlutareikning Landsnets hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2026. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á árshlutareikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, efnahag þess 30. júní 2026 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 20. ágúst 2026.

Deloitte ehf.

Gunnar Þorvarðarson
endurskoðandi

Berglind Klara Daníelsdóttir
endurskoðandi

Rekstrarreikningur

1. janúar til 30. júní 2026

	Skýr.	1.1-30.6.2026	1.1-30.6.2025
Rekstrartekjur			
Tekjur af raforkuflutningi	5	99.166	90.298
Aðrar tekjur		606	1.459
		<u>99.772</u>	<u>91.757</u>
Rekstrargjöld			
Orkukaup og kerfisþjónusta	6	13.100	19.808
Rekstur flutningskerfis	7	35.190	31.172
Kerfisstjórn	7	2.897	2.614
Annar rekstrarkostnaður	7	12.333	10.159
		<u>63.520</u>	<u>63.753</u>
Rekstrarhagnaður		36.252	28.004
Fjármunatekjur		1.196	1.935
Fjármagnsgjöld		(12.171)	(15.468)
Hrein fjármagnsgjöld	8	(10.975)	(13.533)
Áhrif dóttur- og hlutdeildarfélags		(122)	(40)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		25.155	14.431
Tekjuskattur	9	(5.055)	(2.898)
Hagnaður tímabilsins		<u>20.100</u>	<u>11.533</u>
Hagnaður á hlut			
Grunnhagnaður og þynnt hagnaður á hvern USD hlutafjár		0,44	0,25

Skýringar nr. 1 til 17 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

Yfirlit um aðra heildarafkomu

1. janúar - 30. júní 2026

	Skýr.	1.1-30.6.2026	1.1-30.6.2025
Hagnaður tímabilsins		20.100	11.533
Liðir færðir beint á			
eigið fé sem gætu verið færðir síðar í rekstrarreikning:			
Þýðingamunur vegna dóttur- og hlutdeildarféлага	(	132)	257
Breyting niðurrifsskuldbindingar að teknu tilliti til tekjuskatts	(	190)	(330)
Liðir í heildarafkomu færðir á eigið fé	(	322)	(73)
Heildarafkoma tímabilsins		19.778	11.460

Skýringar nr. 1 til 17 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

Efnahagsreikningur 30. júní 2026

	Skýr.	30.6.2026	31.12.2025
Eignir			
Rekstrarfjármunir	7,10	1.116.064	1.104.847
Flutningsvirki í byggingu	10	177.545	150.011
Óefnislegar eignir	11	11.876	17.920
Eignarhlutir í hlutdeildarfélagi		6.037	5.797
Langtímakröfur	15	6.015	5.679
Fastafjármunir		1.317.537	1.284.254
Birgðir		6.146	6.067
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		38.721	32.396
Handbært fé		55.549	48.877
Veltufjármunir		100.416	87.340
Eignir samtals		1.417.953	1.371.594
Eigið fé			
Hlutfé		45.549	45.549
Lögbundinn varasjóður		11.387	11.387
Bundið eigið fé		3.320	1.203
Endurmatsreikningur		284.458	291.354
Þýðingarmunur	(	120)	12
Óráðstafað eigið fé		318.136	315.948
Eigið fé		662.730	665.453
Skuldir			
Vaxtaberandi langtímaskuldir	12	446.117	458.366
Tekjuskattsskuldbinding	13	103.384	99.829
Fyrirframinnheimtar tekjur		9.795	10.067
Niðurrifsskuldbinding		12.985	12.352
Langtímaskuldir		572.281	580.614
Næsta árs afborganir vaxtaberandi langtímaskulda	12	117.752	68.556
Tekjuskattur til greiðslu		4.194	10.485
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		60.996	46.486
Skammtímaskuldir		182.942	125.527
Skuldir samtals		755.222	706.141
Eigið fé og skuldir samtals		1.417.953	1.371.594

Skýringar nr. 1 til 17 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

Eiginfjárfirlit 1. janúar til 30. júní 2026

	Hlutfé	Lögbundinn varsjóður	Bundið eigið fé	Þýðinga- munur	Endurmats- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Breytingar á eigin fé 1. janúar til 30. júní 2025:							
Eigið fé 1. janúar 2025.....	45.549	11.387	1.410	(374)	239.015	277.957	574.944
Hagnaður tímabilsins.....						11.533	11.533
Breyting niðurrifsskuldbindingar í gegnum heildarafkomu...					(330)	(330)	
Þýðingamunur.....				257			257
Heildarhagnaður tímabilsins.....	0	0	0	257	(330)	11.533	11.460
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélags.....			(40)			40	0
Úthlutaður arður til eigenda.....						(18.000)	(18.000)
Upplausn á endurmati rekstrarfjármuna.....					(5.293)	5.293	0
Eigið fé 30. júní 2025.....	45.549	11.387	1.370	(117)	233.392	276.823	568.404
Breytingar á eigin fé 1. janúar til 30. júní 2026:							
Eigið fé 1. janúar 2026.....	45.549	11.387	1.203	12	291.354	315.948	665.453
Leiðrétting á bundnu eigið fé.....			1.950			(1.950)	0
Hagnaður tímabilsins.....						20.100	20.100
Breyting niðurrifsskuldbindingar í gegnum heildarafkomu...					(190)	(190)	
Þýðingamunur.....				(132)		(132)	
Heildarhagnaður tímabilsins.....	0	0	1.950	(132)	(190)	18.150	19.778
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélags.....			167			(167)	0
Úthlutaður arður til eigenda.....						(22.500)	(22.500)
Upplausn á endurmati rekstrarfjármuna.....					(6.705)	6.705	0
Eigið fé 30. júní 2026.....	45.549	11.387	3.320	(120)	284.459	318.136	662.731

Skýringar nr. 1 til 17 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. júní 2026

	Skýr.	1.1-30.6.2026	1.1-30.6.2025
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		36.252	28.004
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi			
Sölu(-hagnaður) tap fastafjármuna	(	28)	15
Afskriftir	7	21.272	18.939
Veltufé frá rekstri án fjármagnsliða		57.496	46.958
Rekstartengdar eignir, (hækkun)	(	5.717)	(6.433)
Rekstartengdar skuldir, (hækkun) lækkun	(	8.730)	2.491
Handbært fé frá rekstri án fjármagnsliða		43.049	43.016
Innborgaðar vaxtatekjur		513	1.161
Greidd vaxtagjöld og gengismunur	(	10.132)	(14.295)
Greiddur tekjuskattur	(	7.741)	(1.649)
Handbært fé frá rekstri		25.689	28.233
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í flutningsvirkjum	10,11	(49.542)	(46.354)
Aðrar fjárfestingar	11	(4.629)	(7.487)
Söluverð fastafjármuna		325	8
Langtímakröfur, breyting	(	386)	(279)
Fjárfestingarhreyfingar		(54.232)	(54.112)
Fjármögnunarhreyfingar			
Tekin langtímalán		64.607	0
Afborganir langtímalána	(	28.986)	(8.719)
Afborgun leiguskuldbindingar	(	30)	(26)
Fyrirframinnheimtar tekjur, breyting	(	200)	0
Fjármögnunarhreyfingar		35.391	(8.745)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		6.848	(34.624)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(	176)	4.556
Handbært fé í ársbyrjun		48.877	78.842
Handbært fé í lok tímabilsins		55.549	48.774

Skýringar nr. 1 til 17 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

Skýringar

1. Félagið

Landsnet hf. er með lögheimili að Gylfaflöt 9, Reykjavík. Félagið var stofnað á árinu 2004 á grundvelli raforkulaga sem Alþingi samþykkti árið 2003. Hlutverk þess er að annast flutning raforku og kerfisstjórnun á Íslandi samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga, nr. 65/2003, og er því óheimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem því er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt raforkulögum.

2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu. Samandreginn árshlutareikningur Landsnets hf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa árshlutareikninginn í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2025. Ársreikningurinn er aðgengilegur á heimasíðu félagsins www.landsnet.is og á www.nasdaqomxnordic.com

3. Mat og ákvarðanir

Gerð árshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þessar eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

4. Reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2025.

Árshlutareikningurinn er gerður í Bandaríkjadöllum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum Bandaríkjadala nema annað sé tekið fram. Árshlutareikningurinn byggir á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að flutningsnet félagsins er fært á endurmetnu virði.

Nýir reikningsskilastaðlar

Félagið hefur innleitt alla reikningsskilastaðla og breytingar á reikningsskilastöðlum sem tóku gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2026 og hafa verið samþykktar af Evrópusambandinu. Félagið hefur ekki innleitt nýja staðla sem hafa verið gefnir út en ekki tekið gildi. Það er mat stjórnenda að innleiðing nýrra staðla sem ekki hafa tekið gildi muni ekki hafa veruleg áhrif á árshlutareikninginn að IFRS 18 undanskildum sem mun hafa áhrif á framsetningu upplýsinga í ársreikningi 2026 án þess að hafa áhrif á reikningshaldslegt mat.

5. Tekjur af raforkuflutningi

	2026 1.1.-30.6.	2025 1.1.-30.6.
Tekjur af flutningi raforku greinast þannig:		
Orkuflutningur til stórnotenda	49.144	40.687
Orkuflutningur til dreifiveitna	34.940	28.402
Flutningstap og kerfisþjónusta	14.010	20.031
Þjónustutekjur og jöfnunarorka	300	406
Innmötunargjald	772	772
Tekjur af raforkuflutningi samtals	99.166	90.298

6. Orkukaup og kerfisþjónusta

Orkukaup og kerfisþjónusta greinast þannig:

Orkukaup vegna flutningstapa	5.760	13.644
Kerfisþjónustukaup	7.340	6.164
Orkukaup og kerfisþjónusta samtals	13.100	19.808

Skýringar, frh.:

	2026 1.1.-30.6.	2025 1.1.-30.6.
7. Afskriftir		
Afskriftir greinast þannig:		
Afskriftir rekstrarfjármuna, sbr. skýringu 10	20.730	18.621
Afskriftir og virðisrýrnun óefnislegra eigna, sbr. skýringu 11	542	318
Afskriftir færðar í rekstrarreikning	21.272	18.939
Afskriftir skiptast þannig í rekstrarreikningi:		
Rekstur flutningskerfis	20.730	18.499
Kerfisstjórn	25	20
Annar rekstrarkostnaður	517	420
Afskriftir færðar í rekstrareikning	21.272	18.939

8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

Vaxtatekjur af bankareikningum	718	795
Tekjur af verðbréfaeign	478	1.140
Fjármunatekjur samtals	1.196	1.935
Vaxtagjöld	(12.887)	(11.900)
Vaxtagjöld vegna endurgreiðslu innmötunargjalda	0	(3.092)
Verðbætur	(1.436)	(916)
Gengistap	(1.090)	(2.455)
Áhrif núvirðingar niðurrifsskuldbindingar	(394)	(361)
Eignfærður fjármagnskostnaður vegna flutningsvirkja í byggingu	3.636	3.256
Fjármagnsgjöld samtals	(12.171)	(15.468)
Hrein fjármagnsgjöld	(10.975)	(13.532)

Eignfærður fjármagnskostnaður nam 5,2% (30.6.2025: 5,1%) á ársgrundvelli af bundnu fé í flutningsvirkjum í byggingu og undirbúningsverkefnum á tímabilinu. Um er að ræða meðaltals fjármagnskostnað félagsins á tímabilinu.

9. Tekjuskattur

	2026 1.1.-30.6.	2025 1.1.-30.6.
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning greinist þannig:		
Frestaður tekjuskattur tímabilsins	(2.933)	(391)
Tekjuskattur færður meðal annarrar heildarafkomu	(48)	(82)
Tekjuskattur til greiðslu	(2.074)	(2.425)
Gjaldfærður tekjuskattur í rekstrarreikningi	(5.055)	(2.898)
Virkur tekjuskattur	(20,1%)	(20,1%)

10. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Tengivirki	Háspennu- línur	Aðrir fasta- fjármunir	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða 1.1.2025	625.722	892.126	49.481	1.567.329
Endurmat	52.173	75.547	0	127.720
Viðbætur á árinu	178	2.149	2.203	4.530
Flutt af flutningsvirkjum í byggingu	36.283	48.637	0	84.920
Selt	0	0	(216)	(216)
Staða 31.12.2025	714.356	1.018.459	51.468	1.784.283

Skýringar, frh.:

10. Rekstrarfjármunir, frh.:

	Tengivirki	Háspennu- línur	Aðrir fasta- fjármunir	Samtals
Kostnaðarverð				
Viðbætur á tímabilinu	856	2.419	2.185	5.460
Flutt af flutningsvirkjum í byggingu	25.249	1.535	0	26.784
Selt	0	0	(577)	(577)
Staða 30.6.2026	740.461	1.022.413	53.076	1.815.950
Afskriftir og virðisrýrnun				
Staða 1.1.2025	233.070	338.269	22.833	594.172
Endurmat	19.565	28.624	0	48.189
Afskriftir ársins	17.089	18.660	1.486	37.235
Selt og aflagt	0	0	(160)	(160)
Staða 31.12.2025	269.724	385.553	24.159	679.436
Afskriftir tímabilsins	9.540	10.422	768	20.730
Selt	0	0	(280)	(280)
Staða 30.6.2026	279.264	395.975	24.647	699.886
Bókfært verð				
1.1.2025	392.652	553.857	26.648	973.157
31.12.2025	444.632	632.906	27.309	1.104.847
30.6.2026	461.197	626.438	28.429	1.116.064
Bókfært verð án endurmats				
1.1.2025	276.009	372.392	26.648	675.049
31.12.2025	301.250	413.647	27.309	742.206
30.6.2026	321.399	411.976	28.429	761.804

Virðismat fastafjármuna í rekstri

Í samræmi við heimild í alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS 16 eru línur og tengivirki félagsins færð samkvæmt endurmatasaðferð (e. revaluation method). Þessar eignir voru síðast endurmetnar í lok árs 2025.

Samkvæmt stefnu félagsins um endurmat rekstrarfjármuna þá endurmetur félagið línur og tengivirki. Til grundvallar á endurmati ársins er annarsvegar rekstrarvirði með sjóðsstreymisgreiningu og hinsvegar áætlaður endurbyggingarkostnaður flutningskerfisins, sem metinn er af óháðum sérfræðingum. Virðisrýrnunarpróf á undirliggjandi eignum er einnig framkvæmt einu sinni á ári og er það gert fyrir ársuppgjör félagsins. Í 6 mánaða uppgjöri hafa stjórnendur lagt mat á hvort vísbendingar séu til staðar um virðisrýrnun eigna og er niðurstaðan sú að svo sé ekki.

Flutningsvirki í byggingu:

	2026	2025
Kostnaðarverð		
Staða 1.1.	150.011	121.726
Viðbætur á tímabilinu	46.347	109.171
Flutt á rekstrarfjármuni	(26.784)	(84.920)
Flutt af undirbúningskostnaði	7.971	4.039
Afskrift tímabilsins	0	(5)
Staða 30.6. / 31.12.	177.545	150.011

Skýringar, frh.:

11. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:

	Undirbúnings- kostnaður	Hugbúnaður	Samtals
Kostnaðarverð			
Staða 1.1.2025	25.951	7.014	32.965
Viðbætur á árinu	2.642	2.072	4.714
Flutt af flutningsvirki í byggingu	(4.039)	0	(4.039)
Staða 31.12.2025	24.554	9.086	33.640
Viðbætur á tímabilinu	722	1.747	2.469
Flutt á flutningsvirki í byggingu	(7.971)	0	(7.971)
Staða 30.6.2026	17.305	10.833	28.138
Afskriftir og virðisrýrnun			
Staða 1.1.2025	10.767	4.283	15.050
Afskriftir ársins	473	197	670
Staða 31.12.2025	11.240	4.480	15.720
Afskriftir tímabilsins	362	180	542
Staða 30.6.2026	11.602	4.660	16.262
Bókfært verð			
1.1.2025	15.184	2.731	17.915
31.12.2025	13.314	4.606	17.920
30.6.2026	5.703	6.173	11.876

12. Vaxtaberandi skuldir

Hér eru upplýsingar um samningsbundin lánskjör af lántökum félagsins, sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði.

	30.6.2026	31.12.2025
Langtímaskuldir		
Lánasamningar og skuldabréf í bandaríkjadöllum (USD), fastir vextir	525.847	488.605
Skráð skuldabréf á NASDAQ OMX í íslenskum krónum, fastir vextir	36.295	36.639
	562.142	525.244
Næsta árs afborgun langtímaskulda	(117.752)	(68.556)
	444.390	456.688
Skuldbinding vegna nýtingarréttar leigueigna	1.727	1.678
Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals	446.117	458.366

Vaxtakjör af lánum félagsins eru frá 2,08% til 5,97%. Vegnir meðalvextir félagsins eru 4,62% (31.12.2025: 4,45%).

Afborganir langtímalána greinast þannig á næstu ár:

1.7.2026 - 30.6.2027 / 1.1.2026 - 31.12.2026	117.752	68.556
1.7.2027 - 30.6.2028 / 1.1.2027 - 31.12.2027	19.498	70.807
1.7.2028 - 30.6.2029 / 1.1.2028 - 31.12.2028	75.023	46.422
1.7.2029 - 30.6.2030 / 1.1.2029 - 31.12.2029	61.268	47.058
1.7.2030 - 30.6.2031 / 1.1.2030 - 31.12.2030	52.516	61.297
Síðar	236.085	231.104
	562.142	525.244

Skýringar, frh.:

13. Tekjuskattskuldbinding

	2026	2025
	1.1.-30.6.	1.1.-31.12.
Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:		
Tekjuskattsskuldbinding 1. janúar	99.829	83.252
Leiðrétting á upphafstöðu	622 (	25)
Reiknaður tekjuskattur	5.055	11.278
Áhrif tekjuskatts á heildarafkomu vegna niðurrifsskuldbindingar	(48) (	97)
Áhrif tekjuskatts af endurmati fært yfir eigið fé	0	15.906
Tekjuskattur til greiðslu	(2.074) (	10.485)
Tekjuskattsskuldbinding í lok tímabilsins	103.384	99.829

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig í lok tímabilsins:

Rekstrarfjármunir	107.447	106.125
Óefnislegar eignir	854	1.579
Aðrar eignir	317 (	418)
Niðurrifsskuldbinding	(2.597) (	2.470)
Aðrar skuldbindingar	(2.362) (	4.758)
Óinnleystur gengismunur	(275) (	229)
Tekjuskattsskuldbinding í lok tímabilsins	103.384	99.829

14. Fjármálagæringar

Lausafjárahætta

Samningsbundnar greiðslur vegna fjárskulda, þar með taldar væntanlegar vaxtagreiðslur greinast þannig:

30. júní 2026

	Bókfært verð	Samnings- bundið sjóðstreymi	Innan 12 mánaða	1-2 ár	2-5 ár	Eftir 5 ár
Langtímask.	566.748	583.123	138.768	36.167	218.250	189.938
Viðskiptask. og aðrar skt.sk.	56.249	56.249	56.249	0	0	0
	622.997	639.371	195.017	36.167	218.250	189.938

31. desember 2025

Fjárskuldir sem ekki eru afleiður:

Langtímask.	529.683	653.921	92.841	90.844	200.822	269.414
Viðskiptask. og aðrar skt.sk.	41.911	41.911	41.911	0	0	0
	571.594	695.832	134.752	90.844	200.822	269.414

Gangvirði

Samanburður á gangvirði og bókfærðu verði

Gangvirði og bókfært verð fjáreigna og fjárskulda í efnahagsreikningi greinist þannig:

	30.6.2026		31.12.2025	
	Bókfært verð	Gangvirði	Bókfært verð	Gangvirði
Vaxtaberandi langtímaskuldir	566.748	563.641	529.683	532.681
	566.748	563.641	529.683	532.681

Skýringar, frh.:

14. Fjármálagæringar, frh.:

Vextir við mat á gangvirði

Við núvirðingu vænts sjóðstreymis eru notaðir vextir af ríkisskuldabréfum auk 1 prósentustiga álags á uppgjörssdegi.

15. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Hluthafar, dótturfélag, hlutdeildarfélag, stjórnarmenn, stjórnendur og félög í þeirra í eigu teljast vera tengdir aðilar félagsins. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Rekstur dótturfélags Landsnets, Elma orkuviðskipta ehf., er óverulegur á tímabilinu og því ekki gerður samstæðureikningur. Neikvæður eignahluti dótturfélagsins er nettaður á móti skammtímakröfu á félagið og færður meðal skammtímaskulda.

Viðskipti við tengda aðila

	1.1.-30.6.2026	1.1.-30.6.2025
Sala á vöru og þjónustu:		
Dóttur- og hlutdeildarfélag	70	18
Hluthafar	13.495	20.704
Sala á vöru og þjónustu til tengdra aðila samtals	13.566	20.722
Kaup á vörum og þjónustu:		
Dóttur- og hlutdeildarfélag	5.013	1.598
Hluthafar	112	2.153
Kaup á vörum og þjónustu frá tengdum aðilum samtals	5.125	3.751

Staða

Viðskiptakröfur og viðskiptaskuldir við tengda aðila greinast þannig:

	30.6.2026		31.12.2025	
	Kröfur	Skuldir	Kröfur	Skuldir
Dóttur- og hlutdeildarfélag	0	(2.219)	496	(1.401)
Hluthafar	2.400	15	4.807	0
Samtals	2.400	(2.204)	5.303	(1.401)

Aðrar kröfur og skuldir við tengda aðila greinast þannig:

	30.6.2026	31.12.2025
Vaxtaberandi langtímakröfur við dóttur- og hlutdeildarfélag	6.379	6.256

16. Önnur mál

Í október 2025 kom upp bilun í álveri Norðuráls á Grundartanga, sem olli því að álframleiðsla Norðuráls skertist um tvo þriðju. Áhrif bilunarinnar á Landsnet var óveruleg á árinu 2025 en óvissa var um áhrif hennar á rekstrarárið 2026 þar sem ekki lá fyrir hvenær verksmiðjan myndi aftur ná fullum afköstum. Í apríl 2026 hóf Norðurál uppkeyrslu kerja að nýju og var í lok tímabilsins notkun á afli og orku kominn umfram mörk sem gilda um kaupskyldu.

Í samningum um raforkuflutning til Norðuráls eru ákvæði um kaupskyldu sem kveða á um að greiða beri fyrir flutning 85% umsamins afis og orku, óháð fluttu raunmagni og á grundvelli þess eru áhrif á vænta rekstrarniðurstöðu ekki mikil. Aflþörf verksmiðjunnar er komin yfir mörk kaupskyldu, en endanleg áhrif á fjárhag Landsnets verða ekki ljós fyrr en eftir að uppgjör kaupskyldu fer fram í desember 2026.

Skýringar, frh.:

16. Önnur mál, frh.:

Norðurál hefur tilkynnt að bilunina megi rekja til óviðráðanlegra afla (force majeure) sem eigi að leiða til þess að kaupskyldan falli niður. Landsnet er ósammála þeirri túlkun og hefur mótmælt henni.

17. Kennitölur

Helstu kennitölur félagsins:

Rekstur:	1.1.-30.6.2026	1.1.-30.6.2025
Rekstrarhagnaður (EBIT)	36.252	28.004
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)	57.524	46.943
Efnahagur:	30.6.2026	31.12.2025
Veltufjárlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir	0,55	0,70
Eiginfjárlutfall - eigið fé/heildarfjármagn	46,7%	48,5%
Arðsemi eigin fjár á meðalstöðu eiginfjár	6,1%	7,2%
Vaxtaþekja	2,53	1,76